

Minnisblað

Móttakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Varðandi: Grindavíkurhöfn-Miðgarður

1504031

Dags.: 15.06.2015

Málefni: Umsögn um Samgönguáætlun 2015-2018

Afrit: Innanríkisráðuneytið Vegagerðin siglingasvið

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Samgönguáætlun 2015-2018

Í tillögu til þingsályktunar um Samgönguáætlun 2015-2018 er gert ráð fyrir framlögum til endurbyggingar 180 metra af viðlegukanti Miðgarðs. Sjá nánar í Töflu 2 um *Fjárveitingar til hafna í grunnneti, nýframkvæmdir* á árunum 2017-2018 að fjárhæð 154,8 milljónir.

Í tillöguna vantar framlög vegna 77 metra kafla og vegna nauðsynlegrar dýpkunar. Í minnisblaði Siglingasviðs Vegagerðarinnar um enduruppbyggingu Miðgarðs, dags. 8. maí 2015 er heildarverkefninu gerð góð skil. Jafnframt er fyrirbyggjandi frumhönnunartillaga um útfærslu framkvæmdarinnar, *Grindavíkurhöfn, Miðgarður endurbygging-stálþil og dýpkun*, dags. maí 2015. Að mati Siglingasviðs Vegagerðarinnar er heildarkostnaður við verkið 1.026 milljónir og hlutur ríkisins 588 milljónir.

Grindavíkurbær leggur til eftirfarandi breytingatillögu.

Breytingatillaga:

Að fylgt verið tillögu Siglingasviðs Vegagerðarinnar um útfærslu og frumhönnun endurbyggingu Miðgarðs og nauðsynlega dýpkun.

- Að fjármögnun verksins verði þannig háttað að heimilt verði að hefja hönnun og gerð útboðsgagna á árinu 2015, þannig að framkvæmdir geti hafist á árinu 2016.
- Að verkið verði unnið í tveimur áföngum og verktími verði að hámarki þrjú ár, þ.e. á árunum 2016-2018.
- Að í fjárlögum árána 2016-2018 verði gert ráð fyrir framlögum til verksins sem uppfylli skyldur ríkisins, eða að núvirði um tæpar 600 milljónir króna.
 - Í meðfylgjandi töflu má sjá tillöguna eins og hún liggur fyrir í Samgönguáætlun annarsvegar og hinsvegar breytingatillögu Grindavíkurbæjar.

	2016	2017	2018	Alls
Til endurbyggingar Miðgarðs, 180 metrar		67,2	87,6	154,8
Tillaga Grindavíkur með vísan til minnisblaðs Vegagerðar	180	230	180	590

Farið er fram á að greiðslupátttaka ríkisins sé í samræmi við 7. gr. laga nr. 119/2014 um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003, þ.e. 75% vegna endurbóta og 60% vegna nýframkvæmda. Grindavíkurbær er reiðubúinn að fjármagna sinn hlut framkvæmdanna.

Rökstuðningur:

Að mati Grindavíkurbæjar er afar mikilvægt að horfa til þjóðhagslegs mikilvægis samgöngumannvirkja þegar verkefnum er forgangsraðað. Grindavíkurhöfn er ein af

grunnstoðum sjávarútvegs á Íslandi og í fjórða sæti yfir þær hafnir landsins sem skapa mest aflaverðmæti.

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir þær 11 hafnir á landinu sem hafa flesta lengdarmetra í viðlegukanti og verðmæti þess afla sem þar var landað á árinu 2013. Eins og sjá má er verðmæti afla á hvern meter viðlegukants í Grindavík næsthæst á landinu. Endurspeglar sú staðreynd það útgerðarmynstur og þjónustu sem Grindavíkurhöfn stendur fyrir. Afar mikilvægt er að allir viðlegukantar séu í notkun og geti veitt þjónustu hratt og örugglega, svo skip komist sem fyrst aftur á sjó til veiða.

Umsvif við höfnina hafa vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og munu halda áfram að vaxa vegna nýrrar fiskvinnslu Vísis hf. og aukningar í kvóta á komandi fiskveiðiári.

Viðlegukantar, metrar	Höfn	Verðmæti afla 2013	Kr/m
6.616	Reykjavíkurhöfn	23.311.108	3.523
2.045	Vestmannaeyjar	15.745.153	7.699
1.600	Akureyri	4.125.542	2.578
1.300	Hafnarfjörður	4.970.935	3.824
1.294	Ísafjörður	5.403.383	4.176
1.200	Þorlákshöfn	2.609.232	2.174
1.043	Siglufjörður	6.604.093	6.332
976	Akraneshöfn	1.150.096	1.178
950	Grindavík	9.759.454	10.273
775	Neskaupstaður	13.987.178	18.048
788	Ólafsvík	2.545.567	3.230
520	Sandgerði	2.672.785	5.140

Til skýringa er rétt að geta þess að hinar hafnirnar hafa umtalsvert meiri umsvif og tekjur af vöruflutningum en Grindavíkurhöfn, þannig að til samanburðar er Sandgerðishöfn með á listanum sem hefur álíka mikil umsvif af vöruflutningum og Grindavíkurhöfn.

Þrátt fyrir mikil umsvif og þjóðhagslegt mikilvægi eru tekjur hafnarinnar takmarkaðar, eða um 180 milljónir árlega. Tekjur ríkissjóðs af þeim umsvifum sem Grindavíkurhöfn skapar eru mun meiri, hvort sem litið er til skatttekna eða veiðigjalda. Afla sem landað er í Grindavíkurhöfn hefur árlega skilað þjóðarþúinu tugum milljarða í erlendum gjaldeyri, en það sem vantað hefur upp á rekstur hafnarinnar verið sett á framfærslu íbúa bæjarins því höfnin hefur ekki staðið undir afborgunum lána.

Grindavíkurbær er hlynntur þeirri útfærslu og frumhönnun sem Siglingasvið Vegagerðarinnar hefur lagt fram og telur ekkert standa í vegi fyrir því að halda undirbúningi og hönnun verksins áfram.

Í tillögunni er gert ráð fyrir framlögum til endurbyggingar 180 metra af viðlegukanti Miðgarðs í Töflu 2 um *Fjárveitingar til hafna í grunnneti, nýframkvæmdir* á árunum 2017-2018 að fjárhæð 154,8 milljónir. Í tillöguna vantar framlög vegna 77 metra kafla og vegna nauðsynlegrar dýpkunar. Í minnisblaði Siglingasviðs Vegagerðarinnar um enduruppbyggingu Miðgarðs, dags. 8. maí 2015 er heildarverkefninu gerð góð skil. Jafnframt er fyrirbyggjandi frumhönnunartillaga um útfærslu framkvæmdarinnar, *Grindavíkurhöfn, Miðgarður endurbygging-stálpil og dýpkun*, dags. maí 2015.

Afar brýnt er að hefja framkvæmdir sem fyrst og koma Miðgarði í fulla notkun. Grindavíkurhöfn hefur þurft að vísa skipum frá vegna plássleysis, því þungatakmörkanir eru á bryggjunni, erfitt er að afhenda rafmagn og sum skipanna eru of djúprist.

Nánari upplýsingvar veita undirritaðir.

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri og Sigurður A. Kristmundsson, hafnarstjóri